



Hestamannafélagið Glaður

Aðalfundur 1. apríl 2008

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Aðalfundur Hestamannafélagsins Glaðs haldinn í Leifssafni 1. apríl 2008.

Í upphafi fundar voru 11 félagsmenn mættir.

Formaður, Eyþór J. Gíslason setti fund kl. 20:35 og bauð fundarmenn velkomna. Í upphafi fundar minntist formaður látins heiðursfélaga, Jóns E. Hallssonar og risu fundarmenn úr sætum til að heiðra minningu hans.

1. Formaður stakk upp á Guðbirni Guðmundssyni sem fundarstjóra og Þórði Ingólfssyni sem fundarritara og var það samþykkt. Guðbjörn tók þá við stjórn fundarins.
2. Skýrsla stjórnar. Formaður greindi frá því helsta úr starfi félagsins á síðasta ári. Hann greindi frá mótum félagsins, reiðnámskeiði og þátttöku í Bikarmóti Vesturlands. Formaður nefndi þá ákvörðun sveitarstjórnar Dalabyggðar að styrkja mjög myndarlega byggingu reiðhallar á vegum félagsins. Fram kom að hætt var við árs hátíð á árinu 2007. Einnig að ákveðið væri að úrtökumót yrði sameiginlegt á Vesturlandi í sumar. Sagt var frá ferð með snæfellingum til að skoða reiðhallir og frá góðri árs hátíð sem haldin var fyrir nokkrum dögum.
3. Gjaldkeri, Valberg Sigfússon fékk orðið og gerði grein fyrir reikningum félagsins fyrir árið 2007. Fram kom m.a. að lottótekjur eru enn ókomnar fyrir árið 2007. Tekjur voru samtals kr. 1.182.770 og gjöld 1.186.017. Rekstrarniðurstaða er því neikvæð um kr. 3.247 en þar inni í eru afskriftir upp á kr. 330.255, aðallega vegna vallarins á Nesodda. Á efnahagsreikningi eru eignir samtals kr. 11.168.253 og skuldir og eigið fé kr. 11.168.253. Eigið fé 31.12.2007 var kr. 10.606.715.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Bryndís Karlsdóttir tók til máls og spurði um hlutafélagið Nesoddi ehf., hluthafa þess og stjórn. Eyþór og Valberg gerðu grein fyrir þessu.
5. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og voru samþykktir samhljóða.
6. Reiðhallarmálið. Valberg gerði grein fyrir stofnun einkahlutafélagsins Nesoddi ehf. Breyta þurfti deiliskipulagi á hesthúsasvæðinu og þess vegna hefur félagi ekki fengið lóð úthlutað enn. Stjórnarliðar fóru á fund landbúnaðarráðherra og var vel tekið þó ekki fengjust ný loforð. Eftir skoðunarferð suður á land var ákveðið að byggja hús 21 x 47 m, kaupa það og reisa það hratt, óeinangrað. Bryndís spurði hvort mögulegt yrði síðar að lengja húsið og Valberg svaraði að það yrði hægt. Fleiri tóku til máls og urðu talsverðar umræður.
7. Kosningar skv. 6. grein laga félagsins. Meðstjórnendur kosnir leynilegri kosningu. Guðbjörn Guðmundsson hlaut 10 atkvæði og Viðar Þór Ólafsson einnig 10 atkvæði. Ásgeir S. Jónsson og Margrét Guðbjartsdóttir hlutu 1 atkvæði hvort.

Fundurinn samþykkti að Ásgeir og Margrét yrðu varamenn Guðbjörns og Viðars. Meðstjórnendur og varamenn eru kosnir til 3 ára.

Skoðunarmaður reikninga var endurkjörinn Sigurður H. Jökulsson til 2 ára. Fulltrúar á landsþing LH voru kjörnir Sigurður H. Jökulsson og Þórður Ingólfsson en formaður er einnig sjálfkjörinn fulltrúi. Kosningu fulltrúa á sambandsþing UDN var vísað til stjórnar.

8. Kosning nefnda.

Fræðslunefnd: Sunna birna Helgadóttir, formaður
Rebecca Ostenfeld
Unnsteinn Kr. Hermannsson
Valberg Sigfússon
Heiðrún Sandra Grettisdóttir

Reiðveganefnd: Guðbjörn Guðmundsson, formaður
Kári Lárusson
Ólafur Guðjónsson

Fulltrúi Glaðs í reiðveganefnd Vesturlands: Eyþór J. Gíslason

Mótanefnd: Einar Jón Geirsson, formaður
Skjöldur Orri Skjaldarson
Ingibjörg Eyþórsdóttir
Málfríður Mjöll Finnsdóttir
Friðjón Guðmundsson

Tölvu- og tækninefnd: Þórður Ingólfsson, formaður
Ásgeir Salberg Jónsson
Herdís Erna Gunnarsdóttir
Svala Svavarsdóttir

Skemmtinefnd: Stjórn falið að velja í hana síðar.

9. Ákvörðun árgjalds. Samþykkt að árgjald verði óbreytt.

10. Önnur mál.

Rætt var um hvort rétt væri að setja félagatalið á vef félagsins en fundarmenn voru ekki á því.

Eyþór ræddi formið og framkvæmdirnar á Hestaþingi og óskaði eftir sjónarmiðum. Umræður urðu m.a. um það hvort að rétt sé að hafa mótið opið og komu fram skiptar skoðanir á því. Umræður urðu einnig um fyrirkomulag annarra móta.

Eyþór minntist á Bikarmót Vesturlands sem að þessu sinni ætti að vera á Akranesi en það er þó ekki öruggt að það verði þar.

Svala sagði frá því að stefnt væri að því að haldin yrði bæjarhátíð í Búðardal og að félagasamtök komi að framkvæmd hennar.

Fleiri mál ekki rædd. formaður þakkaði fyrir góðan fund og sleit honum.

Þórður Ingólfsson, fundarritari (sign)

Guðbjörn Guðmundsson, fundarstjóri (sign)

Eyþór J. Gíslason, formaður (sign)